

## A 1739/kultur

**Flytjandi** Flokkahópur jafnaðarmanna  
**Afgreiðsla** Norræna þekkingar- og menningarnefndin

## Þingmannatillaga um sameiginlegan kvikmyndasjóð frumbyggja á norðurslóðum

### Tillaga

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún styðji stofnun sameiginlegs kvikmyndasjóðs frumbyggja á norðurslóðum (ARCTIC INDIGENOUS FILM FUND) með árlegum styrk.

### Bakgrunnur

Alþjóðlega samíska kvikmyndastofnunin stofnar, ásamt samstarfsaðilum á Grænlandi og í Kanada, ARCTIC INDIGENOUS FILM FUND (AIFF) á árinu 2017.

Markmiðið með kvikmyndasjóði frumbyggja á norðurslóðum er að styðja framleiðslu og samframleiðslu á kvikmyndum sem gerðar eru af og með frumbyggjum norðurslóða. AIFF á að efla framleiðslu og samframleiðslu kvikmynda af miklum gæðum sem fjalla um tungu og menningu frumbyggja en einnig loftslags- og umhverfismál, réttindi frumbyggja og þekkingu þeirra.

Nunavut Film, Film Grønland og Alþjóðlega samíska kvikmyndastofnunin eru stofnendur sjóðsins. Verkefnið nýtur einnig stuðnings yfirvalda í Kanada og Canada Council of Arts. Opinberir og einkaaðilar leggja til stofnfé sjóðsins en ágóði hans verður nýttur til fjárfestinga í kvikmyndagerð.

Alþjóðlega samíska kvikmyndastofnunin mun annast umsýslu sjóðsins.

Stofnun kvikmyndasjóðs frumbyggja á norðurslóðum skiptir sköpum því norðurslóðir eru í brennidepli þróunar heimshagkerfisins. Aukinn áhugi á viðskiptaþróun og iðnvæðingu á norðurskautssvæðunum í kjölfar loftsbreytinganna kallar á að rödd frumbyggja á norðurslóðum heyrir betur.

Kvikmyndir frumbyggja eru dæmi um tjáningarfrelsi og forsenda þess að hægt sé að tryggja réttindi og framtíð upprunalegra íbúa norðurslóða.

Kvikmyndagerð er vaxandi atvinnugrein á norðurslóðum. Stofnun sameiginlegs sjóðs mun efla greinina, greiða fyrir fleiri samframleiðsluverkefnum og skapa sjálfbær störf fyrir upprunalegt fólk og aðra við kvikmyndagerð. Færniþróun við samframleiðslu mun einnig efla atvinnugreinina.



Reykjavík, 19. september 2017

*Annette Lind (S)*  
*Erkki Tuomioja (sd)*  
*Eva Söndsson (S)*  
*Gunvor Eldegard (A)*  
*Irene Johansen (A)*  
*Johan Andersson (S)*  
*Jorodd Asphjell (A)*  
*Karen J. Klint (S)*  
*Karin Gaardsted (S)*  
*Kjell-Idar Juvik (A)*  
*Kåre Simensen (A)*  
*Lennart Axelsson (S)*

*Maarit Feldt-Ranta (sd)*  
*Odd Omland (A)*  
*Oddný Harðardóttir (A)*  
*Orla Hav (S)*  
*Peter Johnsson (S)*  
*Phia Andersson (S)*  
*Pyry Niemi (S)*  
*Rikard Larsson (S)*  
*Sonja Mandt (A)*  
*Suzanne Svensson (S)*  
*Tony Wikström (ÅSD)*